

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 552/1987.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Kosningar til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Forseti* bæjarstjórnar.
2. *Fyrsti varaforseti* bæjarstjórnar.
3. *Annar varaforseti* bæjarstjórnar.
4. *Tveir skrifarar* bæjarstjórnar og tveir til vara úr hópi bæjarfulltrúa.
5. *Bæjarráð*. Þrír aðalfulltrúar úr bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Skóðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
Undirkjörstjórnir: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í kaupstaðnum.
Kjörstjórn við alþingiskosningar skal einnig sjá um sveitarstjórnarkosningar, sbr. heimild í 4. mgr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

B. Kosningar til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum.
3. *Áfengisvarnanefnd*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
4. *Barnaverndarnefnd*. Tveir aðalmenn í nefnd til að annast málefni barnaverndar í Suður-Þingeyjarsýslu skv. lögum nr. 58/1992. Nefndin starfi samkvæmt samkomulagi sveitarfélaga í Suður-Þingeyjarsýslu um sameiginlega barnaverndarnefnd.
5. *Byggingar- og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
6. *Eyþing- Samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum*. Fulltrúar á aðalfund Eyþings- aðalmenn og varamenn í samræmi við ákvæði í samþykktum Eyþings.

7. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ráðið annast þau verkefni sem um getur í 2. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, nema þar sem bæjarstjórn hefur falið öðrum nefndum einstaka þætti félagsþjónustunar.
8. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
9. *Fulltrúaráð Félagsheimilis Húsavíkur*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum fyrir félagsheimilið.
10. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
11. *Heilbrigðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
12. *Héraðsnefnd Suður-Þingeyinga*. Fulltrúar í Héraðsnefnd - aðalmenn og varamenn í samræmi við ákvæði í samþykktum fyrir héraðsnefndina.
13. *Húsnæðisnefnd*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
14. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er kosin skv. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
15. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, kjörnir skv. samþykktum sambandsins.
16. *Launanefnd sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin fer með gerð kjarasamninga fyrir sveitarfélögin.
17. *Leikskólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994 og sinnir öðrum verkefnum á því sviði sem henni eru falin af bæjarstjórn.
18. *Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar*. Einn aðalmaður og annar til vara í stjórn skv. reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1983. Bæjarstjóri er annar fulltrúi bæjarins í stjórn lífeyrissjóðsins og er forseti bæjarstjórnar varamaður hans.
19. *Menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að eflingu menningar og lista á Húsavík og vera bæjarstjórn ráðgefandi í þeim efnum. Nefndin skal fara með stjórn Listaverkasjóðs Húsavíkur. Nefndin skal sjá um undirbúning og framkvæmd 17. júní hátíðarhalds hvert ár, en heimilt er að fela félagasamtökum framkvæmd hátíðarhaldanna. Nefndin skal einnig annast vinabæjarsamskipti á sviði menningar og lista.
20. *Rekstrarlánasjóður bátaiúngerðar*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara í stjórn sjóðsins. Stjórnin starfar skv. reglugerð sjóðsins.
21. *Safnahússnefnd*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast málefni þeirra safna sem heyra undir Safnahúsið á Húsavík að undanskildu bókasafni.
22. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Nefndin annast einnig málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
23. *Skólanefnd framhaldsskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast málefni Framhaldsskólans á Húsavík, sbr. lög nr. 57/1988. Menntamálaráðherra skipar skólanefnd sem í sitja sjö menn.

24. *Sorpsamlag Þingeyinga*. Einn fulltrúi á aðalfund samlagsins og annar til vara.
 25. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
 26. *Stjórn Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
 27. *Sögunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hafa umsjón og eftirlit með ritum Sögu Húsavíkur og annast upplýsingaöflun í því sambandi.
 28. *Trúnaðarráð Dvalarheimilis aldraðra á Húsavík*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum fyrir dvalarheimilið. Önnur sveitarfélög í Þingeyjarsýslum kjósa þrjá fulltrúa í trúnaðarráðið.
 29. *Umhverfismálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálaráð fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971 og verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur gerir ráðið tillögur til bæjarstjórnar um fegrun bæjarins. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis og vinna að framgangi ferðamála á Húsavík.
 30. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Umferðarnefnd hefur forgöngu um skipulag umferðarmála í samráði við byggingar- og skipulagsnefnd og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.
 31. *Veitunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast málefni hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu.
 32. *Æskulýðs- og íþróttanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur eftirlit og umsjón með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum bæjarins. Nefndin starfar sem rekstraraðili íþróttamannvirkja.
 33. *Búfjárefirlitsmaður*. Einn maður til að gegna starfi búfjárefirlitsmanns í Húsavíkurkaupstað skv. 1. mgr. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991. Hann skal hafa eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu.
 34. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar*. Þrír fulltrúar í stjórnarnefnd vinnumiðlunar á Húsavík skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun. Auk þess tilnefna samtök verka-fólks og atvinnurekenda einn fulltrúa af hvorra hálfu í nefndina.
- Bæjarráð fer með verkefni þeirra nefnda, sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni, skv. heimild í 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.